

**Nd.**

**558. Breytingartillaga**

**[191. mál]**

við frv. til l. um málflytjendur.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Pétri Péturssyni,  
Stefáni Valgeirssyni og Jónasi Jónssyni.

Á eftir 24. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við lagadeild Háskóla Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að setja á stofn lögfræðiskrifstofu, er veiti efnalitlu fólki almenna málflytningsþjónustu gegn vægu gjaldi, sem ákvæðið skal í reglugerð, óháð gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Ráðherra skipar forstöðumann lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands að fenginni umsögn lagadeildar, og skal hann hafa starfað sem héraðsdómari eða héraðsdómsslögmaður a. m. k. um þriggja ára skeið og uppfylla að öðru leyti skilyrði þau, sem nefnd eru í 17. gr., 1.—4. tl.

Forstöðumaður ræður starfsfólk skrifstofunnar í fullt starf eða í hluta af starfi, og skal einkum við það miðað, að lögfræðinemar eða ungir lögfræðingar, sem hafa ekki hlotið málflytningsréttindi, hljóti þar eins árs starfsþjálfun. Störf lögfræðinga á skrifstofunni veita sömu réttindi og starfsreynsla hjá héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, sbr. 5. tl. 13. gr.

Forstöðumaður úthlútar verkefnum, tekur ákvörðun um málshöfðanir og hefur umsjón og eftirlit með allri starfsemi skrifstofunnar, sem skal veita alla venjulega þjónustu.

Nánari ákvæði um starfsemi lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands, þar á meðal um þóknun og ráðningarkjör starfsmanna, skulu sett með reglugerð að fenginni umsögn lagadeildar,